



Vörunúmer	WLL SF 4.1	a 0–90° β 0–45°	a 90–120° β 45–60°	a 0–90° β 0–45°	a 90–120° β 45–60°
	tonn	tonn	tonn	tonn	tonn
RLWLP025	2,50	3,50	2,50	5,25	3,75
RLWLP040	4,00	5,60	4,00	8,40	6,00
RLWLP070	7,00	9,80	7,00	14,70	10,50
RLWLP100	10,00	14,00	10,00	21,00	15,00
RLWLP160	16,00	22,40	16,00	33,60	24,00

## HÍFIAUGU WLP

**Aðvörðun!** Rafsuða skal aðeins vera framkvæmd af einstaklingi með gild rafsuðupróf samkvæmt EN287, AS 1554 eða öðrum landsstaðli.

### Rafsuðuefni

Rafsuðupinni eða vír skal vera þurr og óryðgaður og uppfylla staðla ISO 2560, DIN EN 499 eða jafngilt.

### Staðsetning

1. Tryggið að nægilegt pláss sé til staðar til að framkvæma góða, fullnægjandi suðu.
2. Undirbúið yfirborð þannig að það sé hreint, án málningar eða ryðs til að tryggja góða suðu.
3. Veljið staðsetningu WLP hífiauga þannig að hætta skapist ekki við rafsuðu eða notkun.
4. Staðsetjið WLP hífiaugað þannig að ekki skapist hætta á að lyftibúnaður losni úr hífiauganu fyrir slysi.

Efnið í WLP hífiauga er S355J+AR sem er jafngilt St52-3, B.S 4360.50D og AISI 1019. Tryggja skal að efniseiginleikar þess efnis sem rafsjóða skal hífiaugað á henti efninu í hífiauganu.

### Rafsuðuferill

**Athugið!** Forhita þarf ef hitastig er lægra en 0°C; annars skal fylgja AS 1554 eða jafngildum staðli. Tryggja skal að WLP hífiaugað geti ekki hreyfst við suðu með því að punkta horn fyrst. Heilsjóða skal hífiaugað í einni samfelldri suðu.

Rafsjóða skal undir 45° horni til að rétt gegnumsuða náist. Tryggja skal að lágmarks suðumáli (A) sé náð.

Hífiauga	Lágmarks plötubykkt m.v 1250N/mm <sup>2</sup> stál	Lágmarks suðumál (A)
tonn	mm	mm
WLP 2,5	11	11
WLP 4,0	19	13
WLP 7,0	24	16
WLP 10,0	30	18
WLP 16,0	40	20

Suður skulu vera sprungulausar, hreinar og sléttar. Ekki er leyfilegt að kæla suður heldur skal þeim leyft að kólna á náttúrulegan hátt.

